

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2022-2023

Flutt á aðalfundi félagsins 23. febrúar 2023
54. starfsári að ljúka

Þá er 54. starfsári Ský nýlokið eftir að Covid „kláraðist“ eða öllum hömlum var í það minnsta aflétt rétt eftir aðalfund okkar í fyrra. Sem þýddi það að eðlilegt starf félagsins gat farið af stað aftur og horfur því bjartar fyrir nýhafið starfsár. Það voru 24 viðburði á síðasta ári, en flestir voru þeir haldnir á heimavelli okkar Grandhótel. Viðburðahald okkar fór almennilega af stað í mars, en mæting á viðburðina rauk svo í gang á haustmánuðum. Markmið okkar hefur alltaf verið óbreytt, að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, gekk það vel eftir á síðasta ári og höfum við rétt vel úr kútnum eftir Covid og erum að ná vopnum okkar á ný.

Á árinu stóðu allir sig vel í að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið á undanförunum árum. Félögum í Ský er aftur farið að fjölga sem er jákvætt. Það voru 1.037 félagar árið 2021 og erunúna 1.080 manns á félagaskrá.

Kynjahlutfallið er hins vegar lítið að breytast og erum með óbreytt kynjahlutfall milli ára, eða 66% karlar og 34% konursem endurspeglar vel tæknigeirann á Íslandi.

Vöxtur í heildartengslaneti Ský er á góðri leið en aukning um 170 tengiliðir og eru í dag um 4.400 tengiliðir í tengslaneti Ský. Því ber að fagna. Félagið er því á góðri leið aftur og framtíðin er glæsileg.

Stjórn Ský á starfsárinu 2022-2023

Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður
Dagbjartur Vilhjálmsson, varaformaður
Kristján Ólafsson, gjaldkeri
María Dís Gunnarsdóttir, ritari
Aðalheiður Guðjónsdóttir, meðstjórnandi
Kristjana Björk Barðdal, meðstjórnandi
Jón Ingi Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Stjórnin fundaði reglulega, bæði í raunheimum og í netheimum, en flestir stjórnarfundir í dag bjóða upp á báða heima. Því til viðbótar voru aðrir vinnufundir bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni. Þá fór stjórnin af stað með nýtt stefnumótunarverkefni með það að markmiði að bæði fjölga virkum félögum og hvetja konur og yngra fólk til að taka þátt í starfinu okkar. En við viljum fá unga fólk þyrft inn í félagið en félagar undir fertugu eru um 16%.

Ráðstefnur og fundir

Funda- og ráðstefnuhald okkar fór því eðlilega af stað á árinu og vorum við með 24 viðburði árinu. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir liðna viðburði er að finna á vefsíðu félagsins (<https://www.sky.is/index.php/vidhburdir>). Góð aðsókn var almennt á alla viðburði ársins.

Við gátum haldið UTmessuna 2022 aftur í raunheimum en frestuðum henni frá febrúar til vors vegna óvissu með faraldurinn. UTmessan var því haldin þann 25. maí á Grand hóteli og tókst hún frábærlega þar sem mættu um 800 manns. UTmessan var þó bara eins dags viðburður en ekki tveggja daga eins venjulega þar sem ekki þótti óhætt að halda opna Tæknidaginn fyrir almenning Ráðstefnugestir voru glaðir að fá loks að hittast á UTmessunni í raunheimum eftir Covid og stemmingin mjög góð.

UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

UT verðlaunin 2022 voru afhent í ráðstefnulok UTmessunnar í maí. Alfreð var valið UT-Fyrirtækið, Aurbjörg fékk titilinn UT-Sprotinn, og Almennarómur var valið UT-Stafræn þjónusta. Syndis fékk heiðursverðlaunin sjálf Upplýsingatækniverðlaunin.

Stefnumótun

Við í stjórn félagsins og framkvæmdastjóri fórum af stað í stefnumótunarverkefni árinu eins og áður sagði og er verið að leggja lokahönd á þá vinnu. Markmiðið er að reyna að fjölga í félaginu, yngja upp og jafna kynjahlutfall. Einnig hvort við þurfum að endurskoða hvernig við birtumst á samfélagsmiðlum og hvernig vefsíðan okkar er að höfða til bæði félagsmanna og utanaðkomandi aðila. Haldnir hafa verið nokkrir rýnifundir með tilteknum hópum þar sem farið hefur verið starfseminu og hverju megi breyta til að gera félagið meira aðlaðandi. Þá hafa verið sendir út spurningalistar til aðila til að kanna hug þeirra. Þátttakan hefur verið ágæt og margt fróðlegt og nýtsamlegt hefur komið fram í þessari vinnu verður kynnt á næstunni. Vonum við að þetta verkefni verði starfi okkar til heilla.

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, orðanefnd og siðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í nóvember. Efnistökblaðsins var „Upplýsingar í stafrænum heimi“. Þetta er fyrsta blaðið sem nýr ritstjóri Ásta Gísladóttir, ritstýrir. Blaðið var sem áður sent til félagsmanna Ský. Vefútgáfa Tölvumála birtir nýja grein vikulega og má finna á vef félagsins (www.sky.is) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífelld vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfalli lyklaborðið) og rita greinar.

Orðanefnd

Orðanefnd hefur starfað á síðasta starfsári og hefur unnið ötullega að því að safna saman efni sem er til hér og þar með nýjum hugtökum sem búið er að þýða en er ekki að finna í Tölvuorðasafninu en það er nú hluti af Íðorðasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og eru komnar um 100 nýjar þýðingar á hugtökum þangað inn á árinu. Mikill hugur er í fólki og samstarfvlíji milli ólíkra aðila sem vinna við og koma að þýðingum á hugtökum í tölvugeiranum og er Orðanefndin á fullu að bæta inn nýjum þýðingum og safna saman hugtökum sem á eftir að þýða.

Siðanefnd

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu árin og er það svo í systurfélögum okkar í Evrópu. Þar er unnið að því að auka samstarf milli tölvufélaga og hafa sameiginlegar siðareglur og hefur sú vinna gengið hægar en til stóð en þó enn í gangi.

Faghópar

Starf faghópanna á liðandi ári var jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár. Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar eru nú 176 en voru 161.
- Sögudeild, félagar eru nú 79 en voru 70.
- Fjarskiptahópur, félagar eru núna 188 en voru 169.
- Öryggishópur, félagar eru núna 293 en voru 257.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar eru núna 246 en voru 216.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar eru núna 228 en voru 211.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar eru núna 252 en voru 221.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar eru núna 233 en voru 202.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar eru nú 216 en voru 187.
- Faghópur um hagnýtingu gagna, félagar eru núna 138 en voru 89.

Innlent samstarf

Ský á samkvæmt lögum fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Þorvarður Kári Ólafsson er fulltrúi Ský og varamaður Jónas Sturla Sverrisson.

Erlent samstarf

Ský hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvugeirann, ICT-Women task force og einnig ICT-Computing in Schools. Þar hefur sterklega komið fram að öll Evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur. DiversIT sáttmálinn er nýjasta afurð CEPIS og komum við að gerð verkefnisins frá upphafi og þekkjum það vel.

Skýrslutæknifélag Íslands (The Icelandic Computer Society) fékk fyrst allra í heiminum GULL aðild að "DiversIT charter" sáttmálanum á vegum CEPIS í maí 2021. Við gætum ekki verið stoltari af því að vera land nr. 2 sem fær fulla aðild en Tyrkland fékk BRONS aðild árið 2019. Þetta er gífurleg viðurkenning á starfsemi félagsins og okkar áherslum að hafa fjölbreytileika að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Félagið mun vinna áfram að því að auka hag fyrirtækja í tölvu- og tæknigeiranum með það markmið að ýta undir fjölbreytileika með því meðal annars að fjölga konum og ungu fólki í tæknistörfum. Félagið er nú „ambassador“ fyrir DiversIT sáttmálann á Íslandi og er þegar farið að láta fyrirtæki vita af sáttmálanum og getum við aðstoðað þau sem vilja í umsóknarferlinu.

Bebras

Víkuna 7. – 11. nóvember stóð Ský fyrir Bebras áskorun á meðal barna á aldrinum 6-18 ára. Bebras áskorunin er alþjóðlegt verkefni sem kannar rökhusun og tölvufærni með því að láta þátttakendur leysa krefjandi og skemmtileg verkefni. Það kostar ekkert að taka þátt og hvetjum við alla skóla landsins til að vera með. Bebraser keyrt samhliða í flestum löndum í byrjun nóvember ár hvert. Ísland hefur tekið þátt í Bebras áskoruninni með góðum árangri frá árinu 2015 og tóku 30 skólar og 2.415 nemendur þátt árið 2022.

Afkoma félagsins

Heimfaraldurinn hefur haft talsverð áhrif á afkomu félagsins síðastliðin ár, þar sem okkar helsta tekjulind UTmessan og annað viðburðahald hafa ekki verið með hefðbundnu sniði.

Við erum að rétta út kútnum og því má segja að það hefur verið gott að eiga sjóði til að takast á við verkefni eins og Covid.

Tekjuaukning félagsins á milli ára er um 96% sem er nokkuð gott eftir um 57 % tekjusamdrátt árið áður. Munar þar mest um UTmessuna sem við náðum að halda, en talsvert er í land enn til að ná fyrri styrk.

Félagið skilar þó einhverju tapi á árinu. Eigin fjárstaða félagsins er þó enn mjög góð og verður það áfram. Þetta mun ekki áhrif á reksturinn til framtíðar.

Lokaorð

Ský á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út og starfrækir faghópa. Rekur félagið nú áfram skrifstofu með tveimur stöðugildum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa viðburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starfsmenn félagsins eiga lof skilið fyrir það mikla starf sem þær hafa innt af hendi á árinu. Þær hafa sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og eru þeim kostum gæddar að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári, þrátt fyrir miklar áskoranir í rekstrarumhverfi okkar og viðburðahaldi.

F.h. stjórnar Ský,
Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður.